

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

| <i>Gjaldtegund</i> | <i>120 lítra tunna</i> | <i>240 lítra tunna</i> |
|--------------------------------|------------------------|------------------------|
| - Sorphreinsunargjald (kr./ár) | 7.400 | 7.400 |
| - Sorpeyðingargjald (kr./ár) | 1.850 | 4.100 |
| <i>Samtals (kr./ár)</i> | <i>9.250</i> | <i>11.500</i> |

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

Önnur gjöld:

- Pokagjald: Sérmerktir sorppokar: 400 kr./stk.
- Tunnugjald: Nýjar 120 og 240 l tunnur: 4.000 kr./ilát
- Samsetningar- og útkeyrslugjald: 1.300 kr./ilát

Pokagjald, tunnugjald og/eða samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu.

Samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé skipt milli stærða er tunna sem fyrir er tekin upp í nýja tunnu án endurgjalds.

Sé tunnum fækkað er tunna keypt á upprunalegu verði að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því að notkun hófst. Sé þess óskað að halda tunnu er heimilt að skipta um lok þannig að ómerkt lok komi í stað upprunalegs loks með auðkenni sveitarfélagsins.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt í Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, 12. desember 2006.

Samþykkt í bæjarráði, 21. desember 2006.

Selfossi, 21. desember 2006.

Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2007